

## Vinnufundur miðstjórnar 2013 á Skógarnesi

Mættir: Kristján Þórður Snæbjarnarson, Júlía Björk Þórðardóttir, Andri Jóhannesson, Ómar Baldursson, Grétar Guðmundsson, Davíð Sigmundsson, Brynjar Svansson, Jens H Ragnarsson, Hafliði Sívertsen, Jakob Tryggvason, Einar Kristinsson, Jón Ólafur Halldórsson, Jón Óskar Gunnlaugsson, Sighvatur D Sighvatsson, Svanborg Hilmarsdóttir og Bára Halldórsdóttir. Á fimmtudeginum bættist Birna Dögg Granz í hópinn.

Forföll boðuðu: Helgi Jónsson, Eyjólfur Ólafsson, Jón Ingi Skúlason, Sigurður Sigurðsson, Eva K. Benjamínsdóttir, Guðrún S. Bergþórsdóttir, Haraldur Arnbjörnsson og Sigurjón Ingvarsson.

Miðvikudagur:

Fundur settur kl. 19.10.

Kristján setti fundinn.

Fundurinn er rafrænn og öll skjöl honum fylgjandi eru á Google drive, í möppu miðstjórnar, 27. fundur miðstjórnar, vinnufundur.

Kristján sagði frá fundi sem haldin var í dag með fulltrúum ASÍ, forsvarsmönnum atvinnurekenda, forsætisráðherra og fjármálaráðherra, vegna undirbúnings kjarasamninga. Þar kom fram að forsætisráðherra og fjármálaráðherra töldu rétt að þeir legðu línuna í komandi samningum og við samþykktum. Stjórnvöld eru í þjóðarsáttargír, en út frá þeirra sjónarhorni. Þeim var gerð skýr grein fyrir því að til að komast að niðurstöðu þarf að tala við fólk en ekki til fólks. Stjórnvöld létu gera könnun um launaþróun launafólks en við fáum ekki að sjá niðurstöður okkar fólks frekar en aðrir því stjórnvöld ætla ekki að birta þær fyrir en í október lok.

Kristján fór létt yfir dagskrá morgundagsins og stiklaði á nokkrum atriðum.

Nokkrar umræður urðu um stöðu kjaramála í dag, létt spjall og svo var fundi frestað fram á morgundaginn.

Fimmtudagur:

Fundur settur kl.09:30

1. Fundargerð síðasta miðstjórnarfundar samþykkt.
2. Kjarasamningar:
  - Kristján fór yfir félagsfundina sem búið er að halda víðsvegar um landið. Í Reykjavík var mætingin mjög slök. Einungis 19 manns mættu. Fundurinn var haldin kl.17 og það gafst semsagt ekki vel. Ákveðið er að halda annan fund í RVK og þá í hádeginu. Samhljómur er um að heyra í félagsmönnum um allt land og fá þeirra áhersluatriði og sjónarhorn upp á borðið.
  - Kristján fór yfir spurningar í skoðanakönnun og þær voru ræddar, einhverju bætt inn og samþykktar. Ákveðið að senda könnun út strax eftir helgi og liggja þá niðurstöður á borðinu þegar fundur með trúnaðarmönnum og samninganefndum verður haldinn. Bréf veður sent á félagsmenn með veflykli og þeim sagt frá könnuninni en enn vantar töluvert af netföngum í grunninn.
  - Farið var yfir drög að viðræðuáætlun. Uppsetning viðræðuáætlunar samþykkt.
  - Skoðaðar voru ýmsar sviðsmyndir sem gætu komið til greina í komandi samningum, bæði hvað varðar lengd samninga og innihald. Við þurfum að

vera tilbúin að haga seglum eftir vindi og vera tilbúin að gjörbylta öllum okkar hugmyndum til að ná sem bestri niðurstöðu.

- Samninganefnd almenna samningsins var samþykkt en Ómar vill fá að tilnefna einhvern fyrir sig þar sem hann er ekki á þessum samningi. Við gefum engin svör strax varðandi samflot með öðrum félögum, höldum því opnu en bindum það ekki.
  - Farið var yfir minnispunkta sem liggja fyrir eftir þá félagsfundi sem búið er að halda. Þeir gefa ágæta mynd af því sem brennur á félagsmönnum.
  - Trúnaðarmannafundur verður haldinn 4. október í Reykjavík. Þá hafa línur vonandi skýrst varðandi stefnu ríkisstjórnarinnar og búið verður að leggja fram fjárlagafrumvarpið. Samninganefndir verða boðaðar á fundinn auk trúnaðarmanna.
  - Trúnaðarmannaráðstefna verður haldin 7. nóvember á Selfossi. Hugmyndir voru um að fá Aðalstein Leifsson eða Hauk Inga Jónasson til að fara yfir samningatækni með okkur. Klassískt að fá forseta ASÍ með erindi. Skipta hópnum niður eftir kjarasamningum og hafa þjóðfundafyrirkomulagið á vinnunni.
  - Rætt um vinnudeilusjód. Fara þarf yfir reglugerð og móta úthlutunarreglur. Finna þarf hópa sem eru sterkastir og hafa víðtæk áhrif ef til þess kemur. Á almenna samningnum er stór hópur td. Ísavia með öll flugfjarskipti. Vinnudeilusjóðsstjórn þarf að skipa, en auk gjaldkera RSÍ þarf 4-5 í viðbót.
  - Ársreikningur 200 þúsund naglbíta var lagður fram til upplýsinga.
3. Skipa þarf ritstjórn fréttablaðsins. Kristján fór yfir nokkrar hugmyndir að greinum. Birni Ágústi var falin umsjón með blaðinu og að finna fólk til að skrifa greinar. Svava sér um próarkarlestur og Þorsteinn Úlfar um umbrot.
4. Önnur mál.
- Farið var yfir tölfræði frá lögfræðingi. Allt er í góðum málum þar.
  - Kristján fór lauslega yfir tekjuuppgjör sambandsins til ágústloka. Tekjuaukning er 9,81 % og það lítur út fyrir að svo verður áfram út árið.
  - Rekstraráætlun var skoðuð en rétt er að hafa þann fyrirvara á að ekki liggur allur kostnaður fyrir og liðir eins og vextir og afskriftir eru áætlaðar. Það lítur út fyrir að allt sé í góðu jafnvægi og flest á áætlun.
  - Farið var yfir skjal frá styrktarsjóði en nú er hægt að sjá fjölda kennitala á bak við hvern flokk.
  - Ályktun var samin og samþykkt. Samþykkt var að kaupa auglýsingu undir hana og birta í dagblaði.
  - Rætt var um auglýsingar og mátt þeirra. Ástæða var til þar sem að þó nokkuð bar á því að félagsmenn kvörtuðu yfir því að hafa ekki séð auglýsinguna í blöðunum og þar af leiðandi ekki vitað af félagsfundunum. Unnið að því að gera auglýsingar meira áberandi með merki RSÍ í forgrunni. Bent var á að Fréttablaðið berst aðeins til áskrifenda úti á landi svo auglýsa þarf í landshlutablöðum.
  - Svanborg minnti á RSÍ-ung. Skipa þarf nýja stjórn í október. Kristján vísar því til félaganna að tilnefna fólk. Svanborg æskir þess að fá fólk utan af landi.
  - Kristján minnti á „leik“ sem verður inn á Straumlínu. Við viljum fá mikið umtal og góða dreifingu og því spurning hvort ekki eigi að hafa veglegan vinning í verðlaun til að byrja með. Rætt um að hafa spjaldtölvu. Kristján ætlar að sjá um þetta.

- Kristján og Grétar fóru á fund með Miðlun en þeir hafa áhuga á gera kjarasamning innan RSÍ (atvinnurekandinn er að óska eftir þessu). Miðlun eru upplýsingaveitur. Þeir vilja fara úr VR í RSÍ þar sem þeir telja að VR hafi verið að krefjast of hárra launa að hans mati. Þeir fóru yfir málið og það er ljóst að ekki verður að samningi nema ef að starfsmenn vilji skipta um verkalyðsfélag. Óskín um félagsaðild þarf að koma frá launþeganum.

Fundi slitið 13:20

Fundargerð ritaði Bára Halldórsdóttir